

Alþingi
Erindi nr. P 141/487
komudagur 13.11.2012

Athugasemdir Samtaka atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist; SAVÍST

við frumvarp til sviðslistalaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

SAVÍST

Samtök atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist, SAVÍST eru samtök stærstu stofnana og helstu atvinnuveitenda listamanna í sviðslistum og tónlist (performing arts) og mynda forsvarsmenn þeirra stjórn samtakanna.

Stofnaðilar eru: Borgarleikhúsið / Leikfélag Reykjavíkur, Íslenska óperan, Íslenski dansflokkurinn, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið.

Markmið samtakanna er að efla sviðslistir og listflutning á Íslandi og standa vörð um starfsumhverfi þeirra stofnana og félaga sem starfa innan þeirra og vera málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum.

Það er einnig markmið að samtökin séu stjórnvöldum og opinberum aðilum til ráðgjafar um ýmis mál er varða stofnanir, félög og atvinnustarfsemi listamanna í sviðslistum og tónlist og taki þátt í tillögugerð og stefnumótun á sviði lista og menningar á breiðum grunvelli.

Að auki taka samtökin þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist.

Í stjórn samtakanna sitja Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri, formaður; Stefán Baldursson, óperustjóri, ritari, Þorsteinn S. Ásmundsson, framkvæmdastjóri LR, Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóri, ÍD, Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri SÍ.

Athugasemdir og skýringar

Um sviðslistaráð og sviðslistasjóð

Samtökin fagna fram komnu frumvarpi til sviðslistalaga og þeim vilja löggjafans sem þar birtist til að skilgreina og standa vörð um sviðslistir á Íslandi. Samtökin fagna einnig þeim vilja til aukins samráðs við geirann sem birtist í frumvarpinu, en telja vafasamt að fela sviðslistaráði það viðtæka hlutverk sem því er ætlað, auk þess sem þau gera athugasemd við skipan ráðsins, þar sem Leiklistarsamband Íslands er ætlað að tilnefna 4 af 5 fulltrúum.

Samtökin telja vafasamt að ætla að það vald sem Leiklistarsambandi Íslands er falið í þeim efnum, verði til þess að skipan ráðsins verði óvilhóll og líkleg til að endurspeglar sviðslistaumhverfið á hverjum tíma. Samtökin fara því fram á að fá að tilnefni tvo fulltrúa í sviðslistaráð á móti tveimur fulltrúum frá Leiklistarsambandi Íslands.

Með þeirri ósk er ekki verið að kasta rýrð á Leiklistarsamband Íslands, sem regnhlífasamtök, en vægi atkvæða innan þess hefur þó skekkst verulega á kostnað stærri og rótgrónari félaga og stofnana á síðari árum, eða eftir að það opnaði fyrir sjálfstæða aðild einstakra sviðslistahópa, félaga og framleiðslu- og ráðgjafafyrirtækja án tillits til umfangs starfsemi þeirra og hvort sem þau starfa samfellt eða hafa verið stofnuð kringum einstök verkefni. Aðildarfélög eru nú orðin 35 og þar sem hvert þeirra fer með eitt atkvæði við ákvarðanatöku í fulltrúaráði og á aðalfundi, hefur vægi helstu lykilstofnana og fagfélaga minnkað mikið hlutfallslega.

Með því að Samtök atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist tilnefni tvo fulltrúa, væri tryggt að fulltrúar helstu lykilstofnana og þeirra aðila sem bera hvað mesta listræna og fjárhagslega ábyrgð á atvinnustarfsemi í sviðslistum, eigi þar rödd innan sviðslistaráðs og geti tekið þátt í stefnumótun og samráði við stjórnvöld um helstu áherslur og forgangsmál í greininni á breiðum grundvelli.

Samtökin telja einnig einkar mikilvægt að hlutverk sviðslistaráðs verði einfaldað og skýrt og skilið á milli verkefna þess og sviðslistasjóðs með afgerandi hætti og sviðslistasjóði skipuð sérstök sjóðstjórn til árs í senn. Með því víðtæka hlutverki sem sviðslistaráði er ætlað í frumvarpinu er enda útilokað að fulltrúar helstu lykilstofnana gætu átt þar sæti, þar sem það gæti ekki skapast sátt um beina aðkomu þeirra að úthlutun fjármagns til sjálfstæðar atvinnusviðslistahópa á grunni umsókna.

Lagt er til að ráðgjöf, stefnumótun og tillögugerð til ráðherra verði á forræði sviðslistaráðs, auk þess sem kynning og alþjóðlegt samstarf verði á forræði þess, eða þess aðila sem það semur við um framkvæmd þeirra verkefna, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að til þess starfs verði ætlað sérgreint fjármagn.

Lagt er til að sjóðstjórn sviðslistasjóðs beri ábyrgð á fjárreiðum sviðslistasjóðs og þar með því fjármagni sem ætlað er til verkefnastyrkja á grunni umsókna og taki ákvörðun um skiptingu fjár milli viðfangsefna og úthlutun úr sjóðnum.

Þannig verði afgreiðsla umsókna vegna verkefna atvinnusviðslistahópa skilin frá verkefnum sviðslistaráðs og alfarið á forræði sviðslistasjóðs.

Lagt er til að Leiklistarsamband Íslands tilnefni alla fulltrúa í sjóðstjórn sviðslistasjóðs. Það fyrirkomulag á sér þegar stoð í lögum um listamannalaun frá 2009, en í 9. gr segir: „Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Leiklistarsambands Íslands, úthlutar fé úr launasjóði sviðslistafólks.”

Um Íslensku óperuna

Samtökin fagna því að auk kafla um Þjóðleikhús, sé núna kominn sérstakur kafli um Íslenska dansflokkinn og einnig að sérstök grein fjalli nú um reglubundna óperustarfsemi. Það er þó mat samtakanna að aðkomu ríkisvaldsins að starfsemi Íslensku óperunnar þurfi að geta og marka henni lagaramma innan sviðslistalaga. Sönglistin er, ásamt leiklist og dansi, ein af megin stoðum sviðslista og Íslenska óperan hefur sýnt og sannað með reglubundnu og metnaðarfullu starfi sínu allt frá árinu 1982, að hún er verðugur fulltrúi þessarar greinar sviðslista innan ramma sviðslistalaga.

Um samninga við atvinnusviðslistahópa og rótgróin leikhús

Samtökin telja einnig mikilvægt að halda inn í lögum heimild ráðherra til að gera tímabundna samninga við rekstraraðila atvinnusviðslistahópa eða leikhúsa og hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga um fjárstuðning með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum á samningstímanum og að um þá heimild verði fjallað í sérstakri gein, eins og var í fyrri lögum. Einnig að heimilt verði að gera slíka samninga við rótgróin atvinnuleikhús svo sem Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar, en saga beggja leikhúsanna er merk.

Um tímabundna ráðningu listamanna

Lagt er til að heimiluð verði tímabundin ráðning listamanna við listastofnanir sem falla undir ramma laganna og starfa í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sú ráðning geti verið til allt að fimm ára. Hér væri um frávík að ræða frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, en heimild fyrir slíku frávíki er í 3. gr. sömu laga. Í ljósi sérstöðu listrænna starfa má færa rök fyrir því að sérlög um sviðslistir kalli á slíka heimild og réttlæti lengri tímabundinn ráðningartíma en almennt er gengið út frá í lögum nr. 70/1996. Visað er til sambærilegs ákvæðis í lögum um opinbera háskóla (4. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2008), sem tekur til tímabundinna ráðninga þeirra sem ráðnir eru til vísinda- og fræðastarfa.

Um starfsemi áhugaleikfélaga


Að lokum ber að geta þess að það er jafnframt áhyggjuefni að áhugastarfs í sviðslistum skuli að engu getið eða stuðnings við það, en áhugastarf er ein af undirstöðunum undir blómlegt sviðslistalíf á landsvísu.

Samantekt:


1. Lagt er til að Samtök atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist tilnefni tvo aðila í sviðslistaráð og Leiklistarsamband Íslands tilnefni tvo.
2. Lagt er til að skilið verði á milli ráðgjafarhlutverks og úthlutunarhlutverks sviðslistaráðs.
3. Lagt er til að sviðslistaráð sinni ráðgjöf, stefnumótun og tillögugerð til ráðherra.
4. Lagt er til að sviðslistasjóði verði skipuð sérstök sjóðsstjórn sem fari með fjárreiður sviðslistasjóðs og úthluti fjármagni á grunni umsókna í sjóðinn.
5. Lagt er til að Íslensku óperunnar verði getið í lagagrein um óperustarfsemi
6. Lagt er til að sérstök grein fjalli um heimild ráðherra til að gera samninga við rekstraraðila atvinnusviðslistahópa og rótgróinna leikhúsa.
7. Lagt er til að heimiluð verði tímabundin ráðning listamanna til allt að fimm ára.
8. Lagt er til að áhugaleikfélög landsins eigi sér áfram stað í lögum um sviðslistir.

Reykjavík, 13. nóvember 2012


Fyrir hönd SAVÍST,




Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri LR/Borgarleikhúss



Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóri, ÍD



Stefán Baldursson, óperustjóri Íslensku óperunnar



Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri